

# Skólanefnd

24. febrúar 2026

**Mætt:** Erla S. Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Árni Stefán Guðjónsson, Einir Tyrfingsson, Anna Kristín Jóhannesdóttir, Jón Grétar Þórsson, Sunna Magnúsdóttir, Kristófer Kári Ólafsson, Fanney Dóra Veigarsdóttir, Sigurrós Á. Gunnarsdóttir

## Skólastarfið í hnotskurn

ESR og ÁSG segja frá námi, brautarskiptingum, kynjaskiptingu, þjónustu við nemendur o.fl.

## Stefna skólans og helstu áherslur 2025-2026

Stefna skólans var sett til 2024 svo það er kominn tími á uppfærslu hennar. Stefnt að því að hefja vinnu við það í haust. Stefnan er talin nokkuð góð og gildi þó skerpa þurfi á einstaka þáttum hennar. ESR fer yfir fræðslu- og starfsþróunaráætlun skólaársins og segir frá helstu þáttum. Lærdómssamfélagið kynnt og hvað það snýst um en þar hittast kennarar undir stjórn leiðtoga innan skólans og ræða helstu áskoranir sem felast í starfinu.

## Árangursmælingar

Erla bendir á ársskýrslu, sjálfsmatsskýrslu og fleiri gögn sem finna má á heimasíðu skólans. Þar er vel farið yfir allt innra mat og niðurstöður allra árangursmælinga. Sagt frá niðurstöðum Framhaldsskólalápsins, kennslumats, nýnemakönnun og fleiri þáttum í inna og ytra mati.

## Ýmis nýbreytni

Sagt frá forfallaprófum á önninni, endurtektarprófum nýnema um áramót.

## Fjármál

ESR fer yfir afkomu ársins 2025 en aðgerðir í fjármálum hafa skilað árangri. Einir fjármálastjóri útskýrir af hverju viðsnúningur er að eiga sér stað.

## Verkefni framundan

Sagt frá ytra mati skólans sem kom út á dögnum eftir úttekt í nóvember. Stefnt að vinnu um gerð heildrænnar umbótaáætlunar í kjölfarið. Margt gott sem kom út úr ytra matinu – skýrslan fer í TEAMS möppu Skólanefndar og nefndarmenn eru hvattir til að kynna sér efni hennar betur.

KK segir frá félagslífi nemenda og því sem framundan er. FG Flens leikarnir eru á mánudaginn næsta þar sem keppt er í ýmsum greinum á Strandgötunni. Segir einnig frá árshátíðarviku, leiksýningu leikfélagsins, árshátíðarviku og árshátíðardegi.

Spurt hvort leiksýning sé við hæfi barna – KK kynnir sér það og gætir að auglýsingum þegar dregur.

Kynningar fyrir grunnskólanema fara fram í skólanum 14. apríl – opið hús fyrir 10. bekkinga og foreldra þeirra.

Fræðslusjóður Jóns Þórarinssonar

Sagt frá sjóðnum og hlutverki aðalfulltrúa skólanefndar gagnvart honum. Úthlutað úr sjóðnum í desember ár hvert og hlutverk nefndarinnar er að taka við umsóknum, velja styrkþega og gera skil á sjóðnum árlega. Gert ráð fyrir því að ganga frá skilum í lok næsta fundar.

Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið.